

HEIL HEIM

HUGSAÐU UM ÞIG OG ÞÍNA ÖKUM ALDREI ÖLVUÐ!

FRÆÐSLUÁTAK **FRÆ** SUMARIÐ 2026

HEIL HEIM

HUGSAÐU UM ÞIG OG ÞÍNA – ÖKUM ALDREI ÖLVUÐ!

Sumarið er tími ferðalaga og útihátíða og landsmenn á faraldsfæti. Þá reynir sérstaklega á ábyrgð og árvekni ökumanna. Vímuefnaakstur fer vaxandi og skapar mikla hættu í umferðinni. Við þessu þarf að bregðast, enda um að ræða dauðans alvöru.

Fræðsla og forvarnir standa fyrir átaki í sumar sem felst í birtingu upplýsinga og áminninga á samfélags- og netmiðlum um ölvunarakstur og áhrif ávana- og vímuefna á ökuhæfni.

Sérstök áhersla er lögð á ábyrgð ökumanna gagnvart sjálfum sér og öðrum og ábyrgð okkar allra í að koma í veg fyrir akstur undir áhrifum ávana- og vímuefna.




DREIFING / BIRTINGAR

Á sérstakri vefsíðu verkefnisins, **heilheim.is**, eru fimm ráð til umhugsunar. Á bak við hvert ráð er fræðsla sem er rauði þráðurinn í áttakinu. Nöfn og vörumerki styrkjenda eru sett upp með áberandi hætti. Herferð er birt á samfélagsmiðlum og netborðar birtir daglega á tímabilinu 20. júlí – 20. ágúst 2026.

Fræðslusíða verkefnisins er alltaf opin og vörumerki og nöfn styrktaraðila verða sýnileg þar út árið.

FORVARNIR Í YFIR 30 ÁR

*Fræðslu- og upplýsingamiðstöð
í forvörnum og heilsuefningu,
stofnuð 5. nóvember 1993.*



STYRKIR OG AUGLÝSINGAR

- Styrktarlína: 7-10.000 kr.
 - Lógó: Frá 25.000 kr.
- Greiðsluform styrks: Netbanki / greiðsluseðlar.

STYRKJENDUR

Lógó og nöfn styrkjenda verða birt á **heilheim.is** og verða sýnileg á síðunni út árið 2026.

FRÆÐSLA OG FORVARNIR er skráð í *almanna-heillaskrá* hjá Skattinum. Félög og fyrirtæki hafa þar með heimild til þess að draga styrki, allt að 1,5% rekstrartekna, frá skattskyldum tekjum sínum á hverju almanaksári.

FRÆÐSLA OG FORVARNIR upplýsir Skattinn um veitta styrki í lok ársins.



**FRÆÐSLA
& FORVARNIR**